Fyrsti fundur nýrrar landstjórnar DKG, haldin í Reykjavík þriðjudaginn 11. júlí klukkan 17:00.

Mættar voru :

Árný Elíasdóttir landsforseti
Steingerður Kristjánsdóttir 1. Varaforseti
Málfríður Þórarinsdóttir 2. Varaforseti
Vilborg Ása Bjarnadóttir ritari
Guðrún Edda Bentsdóttir fráfarandi forseti
Kristín Helgadóttir gjaldkeri
Rósa Marta Guðnadóttir meðstjórnandi komst ekki á fundinn er var á honum rafrænt.

1. Konur kynntu sig
2. Forseti ræddi um tilnefningar í nefndir, það er mikilgvægt að klára að fylla í nefndir sem fyrst en áætlað er að því verði lokið um 10. ágúst. Umræður um hverjar væru líklegar til þess að vilja vera í nefndum. Aðeins tvær konur hafs gefið kost á sér. Nefndirnar eru: Menntamálanefnd, Laganefnd, Félaga- og útbreiðslunefnd, námsstyrkjanefnd og Samskipta- og útgáfunefnd.
   Forseti fékk strjórnarkonur til að hringja í nokkrar konur, annars vegar til að athuga hvort þær væru tilbúnar að halda áfram þær sem ekki voru búnar að vera lengi, einnig að ræða við konur sem kæmu nýjar í nefndir.
3. Forseti nefndi að finna þyrfti nýjan gjaldkera sem fyrst þar sem núverandi gjaldkeri gefur ekki kost á sér lengur. Nokkrar konur voru nefdar sem hugsanlega gætu komið til greina. Ákveðið að gæða við þær, forseti sér um það.
4. Framkvæmdarráðsfundur verður haldinn 2. september. Eftir er að finna staðsetninu og fer forseti í að skoða það. Hugmynd að fá fyrirlesara að utan sem er með áhugaverðan fyrirlestur um heilsu kvenna sem nefnist Tulips in the snow. Hugmynd að bjóða öllum konum að koma á þann fyrirlestur.
5. Forseti lagði til að fundartími stjórnar yrði festur niður alveg framm að jólum. Síðasti fimmtudagur í mánuði var fyrir valinu. Þessir tímar voru ákveðnir:
   Föstudagurinn 18.ágúst kl:11:00 – 13:00 í Reykjavík
   Fimmtudagurinn 28.september klukkan 17:00 – 19:00 á Zoom
   Fimmtudagurinn 26.október klukkan 17:00 – 19:00 á Zoom
   Fimmtudagurinn 30.nóvember klukkan 17:00 – 19:00 á Zoom

   Fleira ekki tekið fyrir, forseti þakka fyrir fundinn og honum slitið klukkan 19:00.

   Vilborg Ása Bjarnadóttir ritari